

IPAD-FRÉTTIR

Showbie Pro

Kennarar sem óska eftir *Pro* aðgangi til að geta nýtt sér kennsluappið *Showbie* til fullnustu geta sent tölvupóst á spjaldtolvur@kopavogur.is og gefið upp það netfang sem notað er sem notandanafn á *Showbie*.

Explain everything

Á næstunni kemur út fullbúin ný útgáfa af kennsluappinu *Explain everything* sem margir kennarar nota og aðrir eru orðnir langeygir eftir.

Prufuútgáfu af appinu var dreift til kennara í byrjun skólaárs.

Nánari upplýsingar verða sendar kennurum þegar kemur að því að dreifa appinu.

Book creator

Sumir kennarar hafa óskað eftir að fá keyptu útgáfuna af *Book creator* appinu. Best er að snúa sér til síns skólastjóra með slíkar óskir, sem tekur þá ákvörðun ímsamráði við verkefnastjóra.

Það sama á við um önnur keypt öpp.



Skólaþing nýafstaðið

Í gær fór fram Skólaþing Kópavogs sem er sameiginlegur starfsdagur grunnskólanna. Þingið fór fram í fjórum skólum og sóttu það á fimmta hundrað kennara og fagfólks.

Tuttugu vinnustofur

Þátttakendum bauðst val um tuttugu ólíkar vinnustofur fyrir hádegi þar sem fjallað var um möguleika spjaldtölvunnar í skólastarfi frá ólíkum sjónarhornum.

Erlendir og innlendir sérfræðingar í bland við kennara og kennsluráðgjafa úr Kópavogi sáu um vinnustofurnar. Eftir hádegi voru svo umræðuhópum þar sem kennarar skiptust í hópa eftir kennslugreinum, árgöngum eða sérsviðum.

Smelltu [HÉR](#) til að svara stuttri könnun um vinnustofur.





Office 365 og Google

Uppsetningu á Microsoft skýjalausninni er nú að ljúka. Nemendur og kennarar geta þá vistað gögn í OneDrive, bæði skjöl úr Office öppunum (Word, Excel og PowerPoint) sem og önnur gögn, t.d. myndskleið úr iMovie. Til þess þarf:

- Að sækja OneDrive, Word, Excel og PowerPoint í Catalog.
- Að virkja öll þessi öpp með innskráningu.
- Leiðbeiningar um þetta og margt fleira má finna á vefnum spjaldtolvur.kopavogur.is

Einnig hefur verið gengið frá uppsetningu á **Google Apps for Education** fyrir alla skóla. Í hverjum og einum skóla hefur starfsmaður verið tilnefndur sem kerfisstjóri (admin) og getur stofnað nemendur og kennara sem notendur í Google skýinu.

Google skýið býður einnig upp á geymslupláss fyrir gögn nemenda og kennara og mikla samvinnumöguleika.



Rafbók fyrir kennara væntanleg

Á næstu dögum verður dreift á spjaldtölvur allra kennara nýrri rafbók sem Rakel G. Magnúsdóttir hefur tekið saman og kallast *Nýjar námsleiðir*.

Bókin inniheldur ítarlegar upplýsingar um algeng öpp, leiðbeiningar um notkun þeirra, hugmyndir að verkefnum og margt fleira.

AirServer uppfærslur mjakast áfram

AirServer streymibúnaðurinn er nú að komast í gagnið í sífellt fleiri kennslustofum. Handtökin eru mörg fyrir þá starfsmenn sem þessu sinna því ganga þarf í allar stofur til að uppfæra. Kennurum er þökkuð þolinmæðin.